

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 183/1999

frá 17. desember 1999

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/1999 frá 5. nóvember 1999⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/622/EB frá 27. maí 1997 um spurningalista vegna skýrslna aðildarríkjanna um framkvæmd vissra tilskipana um úrgangsmál (framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/692/EBE)⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2aa (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/741/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„2aaa. **397 D 0622:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/622/EB frá 27. maí 1997 um spurningalista vegna skýrslna aðildarríkjanna um framkvæmd vissra tilskipana um úrgangsmál (framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/692/EBE) (Stjtíð. EB L 256, 19.9.1997, bls. 13).“

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 15, 18.1.2001, bls. 51 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 3, 18.1.2001, bls. 145.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 256, 19.9.1997, bls. 13.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 97/622/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 18. desember 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 17. desember 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

N. v. Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner